

## Endurbygging alifuglahúss að Sveinbjarnargerði, Svalbarðsstrandarhreppi.

### Ákvörðun um matsskyldu

#### Inngangur

Þann 7. júlí 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Græneggjum ehf. um fyrirhugaða endurbyggingu alifuglahúss að Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.10 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Svalbarðsstrandarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurbygging varphænsnahúss í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. 27. júní 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Svalbarðsstrandarhreppi með bréfi dags. 14. júlí 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 25. júlí 2017.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 24. júlí 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 28. júlí 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. júlí 2017.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðgert sé að byggja yfir gamlan grunn eldishúss sem áður hýsti varphænur. Húsið verði umfangsmeira en áður; það verður breikkað um rúma 3 m til austurs og mun verða alls 800 m<sup>2</sup> að grunnfleti í stað 600 m<sup>2</sup> áður. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að fjölga varphænum í að hámarki 12.000 en þær séu nú tæplega 8.000. Heildarfjöldi varphænsna og unga í uppeldi samanlagt getur að hámarki orðið um 15.000. Fram kemur að loknum framkvæmdum muni eggjaframleiðsla búsinns geta vaxið um 30%; hafi verið 150 tonn árið 2016 og geti orðið um 200 tonn eftir breytingarnar. Magn búfjáráburðar er sem viðmið, fyrir hverjar 1000 hænur um 60 tonn af búfjáráburði þannig að 12.000 varphænur gefa frá sér um 720 tonn af áburði. Allur búfjáráburður sem til fellur vegna eggjabúsins er nýttur sem áburður á tún og í flög og það sem er ekki nýtt á tún í Sveinbjarnargerði er nýtt af nágrennajörðinni Garðsvík.

Í nágrenni hænsnahússins er rekið hótél Sveinbjarnargerði og hafði eggjaframleiðsla verið stunduð á Sveinbjarnargerði í mörg ár áður en hótélrekstur hófst.



Fram kemur að fyrirhugað eldishús verði í um 51 m fjarlægð frá lóðarmörkum íbúðarhúss að Sveinbjarnargerði III og tæpa 62 m frá íbúðarhúsinu sjálfu.

## Umhverfisáhrif

Fram kemur að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið sé lyktarmengun annars vegar frá búinu og hins vegar vegna búfjáraburðar. Loftræstikerfið í fyrirhuguðu húsi verður eins og best verður á kosið og útfært á sama hátt og í þeim varphúsum sem fyrir eru. Öllum loftinntökum á hlið húsanna hefur verið lokað og engar viftur eru lengur í strompunum. Nú er allt loft einungis dregið niður um strompana sem er í mæni og eftir stokk sem er í endilöngu húsinu og blásið út á norðurhlið húsanna. En það er sá staður sem er fjærst öðrum byggingum á bænum. Á þennan hátt er komið í veg fyrir ryk á þaki og hljóð í viftum og lykt frá húsunum ætti að vera í algjöru lágmarki. Hænsnaskítur er settur í haughús undir fyrirhuguðu varphæsnahúsi, líkt og er í dag í hinum húsunum þar sem honum er safnað saman og er dreift á vorin og haustin.

Fram kemur að lyktarmengun sé ekki vandamál. Það er helst að það berist einhver lykt í hægri norðanátt sem er nánast aldrei á svæðinu. Því er lyktarónæði nánast ekkert og telja eigendur Græneggja að eftir framleiðsluaukninguna muni lyktin enn vera óveruleg m.a. vegna fyrrnefnds loftræstibúnaðar.

Að lokum er það áréttað að sú stækkun sem Grænegg ehf. stefnir nú að hefur að mati fyrirtækisins ekki teljandi áhrif á umhverfið, nábyli né annað.

## Umsagnir

Að mati Umhverfisstofnunar eru umhverfisáhrif búins vel þekkt þar sem hænsnabú hefur verið rekið að Sveinbjarnargerði um árabil, auk þess sem eftirlit er haft með starfsemi í samræmi við starfsleyfi.

Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum mundi vart bæta við upplýsingum um reksturinn og áhrif hans sem ekki liggja nú þegar fyrir.

Stofnunin telur það hlutverk leyfisveitenda að ákveða hvort ásættanlegt sé að stækka búíð með tilliti til næstu nágranna sbr. reglugerð nr. 502/2015 um eldihús alifugla. Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) telur að nægjanleg grein sé gerð fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og mótvægisáðgerðum s.s. byggingu haughúss, öfluglu loftræstikerfi og samningi um móttöku og dreifingu hænsnaskíts á nálæg tún. Embættið telur ekki þörf á sérstakri vöktun umhverfis fyrir utan reglubundið eftirlit með mengunarvörnum og ásynnd utanhúss. Að áliti HNE mun fjölgun varphæna ekki koma til með að hafa stórvægilegar breytingar í för með sér varðandi þá þætti starfseminnar sem HNE hefur eftirlit með, þ.e. verklag varðandi dýrahæ, meðferð skíts og umgengni á athafnasvæði. Aukin hætta á lyktarónæði getur hins vegar átt sér stað en HNE telur að öflug loftræsting sé nægjanleg mótvægisáðgerð.

Varðandi fjarlægð fyrirhugaðrar endurbyggingar við nálæga starfsemi, þ.e. Sólfjörð Hótel, þá telur HNE fullnægjandi að stuðst sé við 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína þar sem segir varðandi fjarlægðir við mannabústaði, útivistarsvæði og vinnustaði að lágmarks fjarlægð frá hænsnabúi skuli vera 50 m.



Fram kemur að rekstur eggjabús Græneggja sé háður rekstrarleyfi Matvælastofnunar en jafnframt hefur HNE eftirlit með þeim þáttum starfseminnar sem snerta mengunarvarnir, svo sem meðferð skíts, hugsanlegu lyktarónæði, ásýnd umhverfis og gefur embættið út starfsleyfi fyrir starfseminni. Það er mat eftirlitsins að gerð sé fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem snúa að embættinu og skal framkvæmdin ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps kemur fram að sveitarstjórnin hafi kynnt sér núverandi rekstur Græneggja ehf., sérstaklega hvað varðar hugsanlega lyktarmengun. Að mati sveitarstjórnar sé lyktarmengun nánast engin. Bent er á að fyrirhugað sé að notast við loftræstikerfi sambærilegt því sem nú sé í notkun hjá fyrirtækinu. Slíkt loftræstikerfi dragi verulega úr lyktarmengun. Sveitarstjórn telji að fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur komi ekki til með að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Matvælastofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Minjastofnun telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Svalbarðsstrandarhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og starfsleyfi Matvælastofnunar skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli.

Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

## Niðurstaða

Um er að ræða stækkun á eggjabúi en til stendur að byggja nýtt varphænsnahús á gömlum grunni og að fjölga varphænum úr um 8.000 í 12.000. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.10 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er staðsett á landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps. Í Sveinbjarnargerði er rekið hótél en fyrirhugað eldishús verður í rúmlega 50 m fjarlægð frá hótélbyggingum og staðsett fjær hótélbyggingum en núverandi eldishús. Næsta íbúðarhús er Sveinbjarnargerði II sem er einnig í rúmlega 50 m fjarlægð frá fyrirhuguðu eldishúsi. Staðsetning eldishússins er því ekki í andstöðu við þau fjarlægðarmörk sem sett eru fram í reglugerð um eldishús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015.

Hænsnabú hefur verið starfrækt að Sveinbjarnargerði um árabíl og eru umhverfisáhrif búsins miðað við núverandi ástand þekkt. Lyktarmengun helgast m.a. af umfangi starfseminnar en eggjaframleiðsla að Sveinbjarnargerði verður að teljast lítil að umfangi og verður það áfram eftir fjölgun fugla. Samskonar loftræstikerfi verður í nýju alifuglahúsi og notast er við í þeim eldishúsum sem fyrir eru og tekur Skipulagsstofnun undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um að öflugt loftræstingarkerfi sé nægjanleg mótvægisáðgerð gagnvart hugsanlega aukinni lyktarmengun við fjölgun fugla.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Græneggja ehf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurbygging alifuglahúss að Sveinbjarnargerði



sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. október 2017.

Reykjavík, 25. ágúst 2017

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson